

A 10-2

Stjórnartíðindi C-deild, Nr. 29/1996

AUGLÝSING um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árunum 1994 og 1995.

.....Ákvarðanir og þær EB gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-
viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindunum,
sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gert er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með
auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 31. desember 1996.

Halldór Ásgrímsson

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES- viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
51/1995	22.06.1995	Breyting á XIII. viðauka (Flutningsstarfsemi) við EES-samninginn. (Ályktun ráðsins frá 24. október 1994 um aðstæður í evrópsku almenningsflugi.)	25. hefti, 1996, bls. 139	01.07.1995	01.07.1995

EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB, dags. 13.6.1996, Nr. 25/139.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/14 nr. 51/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 34/95 frá 19. maí 1995¹.

¹ Stjtið. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 69.

Ályktun ráðsins 95/C 309/02 frá 24. október 1994 um aðstæður í evrópska almenningsflugi² skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 79. lið (ályktun ráðsins 94/C 309/01) í XIII. viðauka við samninginn:

„80. **394 Y 1105(02)**: Ályktun ráðsins frá 24. október 1994 um aðstæður í evrópsku almenningsflugi (Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 2).”.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 94/C 309/02 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavide

ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 24. október 1994

um aðstæður í evrópsku almenningsflugi ⁽³⁾
(94/C 309/02)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

sem veitir athygli skýrslu nefndarinnar „Comité des Sages” sem framkvæmdastjórnin kom á fót og ber yfirskriftina „Expanding Horizons” og lögð var fram 1. febrúar 1994,

sem hefur hliðsjón af niðurstöðum fundar ráðsins 18. apríl 1994 um aðstæður í evrópsku almenningsflugi, sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Framtíð evrópsks almenningsflugs”,

² Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 2.

³ Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB nr. C 309, 5.11.1994, bls. 2, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Leiðsögupjónusta um gervihnött: evrópsk aðferð”,

og sem tekur tillit til eftirfarandi:

Sameiginleg stefna Evrópusambandsins varðandi almenningflug er forsenda þess að evrópskt almenningflug standist samkeppni á alheimsmarkaði.

Í framangreindum orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar er vísað til viðeigandi ráðstafana og gerið, stundum með beinum dagsetningum, um tillögur að reglugerðum á einstökum sviðum.

ÁLÍTUR að með hliðsjón af þeim mikla fjölda ráðstafana sem getið er um og þörf aðgerða sem er brýn á sumum sviðum sé við hæfi að beina sérstakri athygli að tilteknum verkefnum,

FAGNAR framkominni orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um aðstæður í evrópsku almenningflugum sem var fyrsta skref í þá átt að fullnægja kröfu ráðsins um að viðeigandi ráðstafanir verði undirbúnar,

ER ÞEIRRAR SKOÐUNAR að þær ráðstafanir sem boðaðar eru í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar geti almennt stuðlað verulega að aukinni samkeppnishæfni og fjárhagslegum bara í evrópsku almenningflugum um heim allan og halda beri undirbúningsvinnu áfram tafarlaust. Eftirfarandi viðfangsefni ættu að hafa sérstakan forgang í þessu tilliti:

- a) verulegar framfarir á sviði flugumferðarstjórnar/flugumferðarþjónustu og leiðsögukerfa um gervihnött er forsenda öflugss flugrekstrar í Evrópu:
 - samhæfing og samruni kerfa í evrópski flugumferðarstjórn gerir að verkum að nauðsynlegt er að þróa fjölmarga tæknistaðla samkvæmt skilyrðum sem eru skilgreind í tilskipun ráðsins 93/65/EBE frá 19. júlí 1993 um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupa á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu⁴ á grundvelli staðla Evrópustofnunar um flugumferðaröryggi (Eurocontrol) í þeim tilgangi að tryggja milliverkun og samhæfi tæknikerfa í aðildarríkjunum og innleiða nýjan tækjabúnað og þjónustu sem uppfylla þessa staðla með það í huga að auka afkastagetu alls evrópska kerfisins. Framkvæmdastjórninni ber að styðja starf sem unnið er í þessu skyni með öllum viðeigandi ráðum,
 - leiðsögn og samskipti um gervihnött verða sífellt mikilvægari og leggja ber ríka áherslu á framlag Evrópu til alþjóðlegra leiðsögukerfa um gervihnött. Samræmingarnefnd háttsettra embættismanna sem er gerð tillaga um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júní 1994 ætti að hefja störf eins fljótt og við verður komið;
- b) tilurð sameiginlegs loftflutningamarkaðar ætti einnig að leiða til samþykktar almennra ákvæða og einsleitra aðferða sem lúta að flugöryggi. Fylgja ber eftir án

⁴ Stjtið. EB nr. L 187, 29.7.1993, bls. 52.

tafar hugmyndum um að setja á stofn skilvirkt stjórnsluyfirvald fyrir Evrópu, reist á Samtökum flugmálastjórna í Evrópu (JAA), er fjalla um öryggisstaðla. Einnig ber með sama hætti að kanna hvort koma skuli á sameiginlegri lofthæfisvottun fyrir allan tækjabúnað til flugs;

- c) til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni í evrópskum loftflutningum ber að útiloka ríkisaðstoð sem hefur eða gæti haft neikvæð áhrif á samkeppni. Aðeins er heimilt að veita slíkra ríkisaðstoð í tilteknum skýrt afmörkuðum undantekningartilvikum í samræmi við ákvæði sáttmálans og á grundvelli gagnsærra ákvarðana;
- d) nauðsynlegt er að tryggja að mannvirki til flutninga í lofti séu nýtt á skilvirkan hátt í þeim tilgangi að renna styrkari stoðum undir samkeppni í evrópskum loftflutningum. Skilvirk afgreiðsla á flugvöllum og sem miðast við þarfir markaðarins er mikilvægt framlag til þess að mannvirki til flutninga í lofti séu nýtt á skilvirkan hátt. Þjóða skal slíka flugafgreiðslu fram á grundvelli jafnréttis, gagnsæis og rekstrarhagkvæmni. Ráðstafanir sem eru gerðar á þessu sviði skulu miðast við þessar skoðanir, en einnig við afkastagetu og öryggisaðstæður á flugvöllum,

VÆNTIR ÞESS að allar aðgerðir sem miða að því að auka samkeppnishæfni loftflutningafyrirtækja í Evrópusambandinu og aðlaga innri gerð þeirra muni tryggja að starfsemi loftflutningafyrirtækja verði áfram reist á sterkum efnahagslegum grunni í Evrópusambandinu á komandi árum.

ÁLÍTUR að rannsaka þurfi betur hættu á að þróun hentifána og annarra aðferða, burt séð frá þeim sveigjanleika sem einkenna skal allan rekstur, leiði til notkunar annarra fanga en bandalagsins í verulegum mæli. Framkvæmdastjórnin gæti við fyrsta tækifæri gert könnun, og lagt fram viðeigandi tillögur ef nauðsyn krefur, sem reynst gæti góður stuðningur við slíka rannsókn,

BIÐUR FRAMKVÆMDASTJÓRNINA að grípa án tafar til nauðsynlegra ráðstafana til að hindra ákvæðum þessarar ályktunar í framkvæmd og gefa skýrslu um þær á næsta fundi ráðsins,

ER ÞEIRRAR SKOÐUNAR að í samskiptum bandalagsins og þriðju landa á sviði flutninga í lofti skuli þróa stefnuna í samræmi við ályktanir ráðsins frá 15. mars 1993 skref fyrir skref, af raunsæi og í því augnamiði að vinna að hagsmunum bandalagsins.

Gjört í Lúxemborg 24. október 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BORCHERT

forseti